

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
22. fundur – 13. desember 1999

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 13. desember kl. 17:15 að Dalshrauni 15, Hafnarfirði.

Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna heilbrigðiseftirlitsins Guðmundar H. Einarssonar, Louisu Gunnarsdóttur, Páls Stefánssonar og Þorsteins Þorvarðarsonar. Sigurborg Daðadóttir kom til fundar undir 4. lið.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 21. fundar heilbrigðisnefndar.

Fundargerðin samþykkt.

2. Fundargerð 14. starfsmannafundar frá 8. desember 1999

2.1 Starfsleyfi.

2.1.1 Brekkugata 19, Hafnarfjörður - framhaldsskóli m/móttökueldhúsi.

Lögð fram umsókn Einars Birgis Steinþórssonar f.h. Flensborgarskóla kt: 611175-1919, dags. 3 desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs framhaldsskóla með móttökueldhúsi í Flensborgarskóla, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 1. september 2000 með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

2.1.2 Bæjarlind 1-3, Kópavogi - snyrtistofa.

Lögð fram umsókn Sigurlaugar Jónsdóttur f.h. La Sanza kt: 030863-2089, dags. 28. nóvember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Bæjarlind 1-3, Kópavogi. Ný starfsemi. Frestað.

2.1.3 Bæjarlind 6, Kópavogi - sólbaðsstofa.

Lögð fram umsókn Írisar Hafsteinsdóttur f.h. Lindasól ehf., kt: 470699-3109, dags. 9. desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sólbaðsstofu að Bæjarlind 6, Kópavogi. Ný starfsemi. Samþykkt að veita starfsleyfi til 4 ára.

2.1.4 Bæjarlind 6, Kópavogi - tannlæknastofa.

Lögð fram umsókn Vilhjálms Þórs Vilhjálmssonar f.h. GV-Húsa ehf., kt: 470599-2279, dags. 11. október 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Bæjarlind 6, Kópavogi. Ný starfsemi. Samþykkt að veita starfsleyfi til 4 ára

2.1.5 Hafnarbraut 4, Kópavogi - fiskvinnsla.

Lögð fram umsókn Kolbrúnar Jónasdóttur f.h. Fiskverkunar Ásbergs kt: 670993-2999, dags. 7 desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskvinnslu og undanþágu frá kröfum um fráveitu til 1. október 2000, að Hafnarbraut 4, Kópavogi. Ný starfsemi. Samþykkt að veita starfsleyfi til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina, með fyrirvara um að ekki komi athugasemdir við kynningu, sbr. mengunarvarnareglugerð nr. 785/1999.

2.1.6 Herjólfsgrata 10, Hafnarfirði – sundlaug

Lögð fram umsókn Einars Sturlaugssonar f.h. Sundahallar Hafnarfjarðar, kt. 640269-0499, dags. 7. desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sundlaugar að Herjólfsgrötu 10, Hafnarfirði. Endurnýjun. Samþykkt að veita starfsleyfi til 4 ára.

2.1.7 Hlíðasmára 8, Kópavogi - skyndibitastaður.

Lögð fram umsókn Arnars Þ Ólafssonar f.h. S.B.Veitingar ehf., kt: 691099-2619, dags. 30. nóvember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skyndibitastaðar að Hlíðarsmára 8, Kópavogi. Endurnýjun v/eigendaskipta. Umsókninni fylgir teikning samþykkt af byggingafulltrúa 28. apríl 1998.

Einnig lagt fram bréf Húsfélagsins Hlíðarsmára 8, dags. 7. desember 1999, vegna fyrirhugaðs reksturs.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 3 mánaða með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan sama tíma og úttekt á loftræstikerfi liggja fyrir áður en starfsemin hefst.

2.1.8 Holtagerði, Kópavogi - dæggradvöl.

Lögð fram umsókn Hannesar Sveinbjörnssonar f.h. Dæggradvalar v/Kársnesskóla kt: 700169-3759-34, dags. 26. nóvember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs dæggradvalar m/móttökueldhúsi í Kársnesskóla við Holtagerði Kópavogi. Endurnýjun.

Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

2.1.9 Holtsbúð 87, Garðabæ - hjúkrunarheimili.

Lögð fram umsókn Þóru Karlsdóttur f.h. Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Holtsbúð, kt: 580699-2519, dags. 23. júní 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hjúkrunarheimilis að Holtsbúð 87, Garðabæ. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi að lokinni fullnaðarúttekt heilbrigðisfulltrúa, með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

2.1.10 Hrauntunga 7, Hafnarfirði - grunnskóli.

Lögð fram umsókn Sigurðar Björgvinssonar f.h. Víðistaðaskóla kt: 671088-4179, dags. 17. nóvember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs grunnskóla m/móttökueldhúsi að Hrauntungu 7, Hafnarfirði. Einnig bréf dags. 6. desember 1999 þar sem óskað frests á úrbótum v/matsölu. Endurnýjun.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 1. september 2000 með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

2.1.11 Hvaleyrarbraut 2, Hafnarfirði - kjötskurður.

Lögð fram umsókn Hannesar Ívarsson f.h. Eðalkjöts ehf., kt: 591199-3079, dags. 29. nóvember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kjötskurðar að Hvaleyrarbraut 2, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða og að framlögðum viðurkenndum teikningum.

2.1.12 Hvaleyrarbraut 4-6, Hafnarfirði - fiskvinnsla.

Lögð fram umsókn Pharmaco hf, f.h. Íslenskra Matvæla kt: 500269-7319, dags. 18. nóvember 1999, þar sem sótt er um leyfi til vinnslu á laxa- og síldarvörum að Hvaleyrarbraut 4-6, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina, með fyrirvara um að ekki komi athugasemdir við kynningu, sbr. mengunarvarnareglugerð nr. 785/1999.

2.1.13 Kastalagerði 7, Kópavogi - samkomusalur..

Lögð fram umsókn Sigríðar Baldursdóttur f.h. Safnaðarheimilisins Borgir, kt: 691272-0529, dags. 7. desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs samkomusalar án eldhúss eða eingöngu uppþvotti að Kastalagerði 7, Kópavogi. Endurnýjun.

Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

2.1.14 Skólabraut, Hafnarfirði - grunnskóli.

Lögð fram umsókn Reynis Guðnasonar f.h. Lækjarskóla kt: 671088-4099, dags. 1. desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs grunnskóla m/móttökueldhúsi við Skólabraut Hafnarfirði. Endurnýjun.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 1. september 2000 með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

2.1.15 Smáratorg 1, Kópavogi - Söluturn með óvarin matvæli.

Lögð fram umsókn Steinþórs Steinþórssonar f.h. LilÓbits á Íslandi, kt: 451199-3159, dags. 10. desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til sölu á kleinuhringjum, gosi og kaffi að Smáratorgi 1, Kópavogi. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

2.1.16 Smáratorg 1, Kópavogi - læknastofa.

Lögð fram umsókn Þórðar G. Ólafssonar f.h. Læknavaktarinnar ehf., kt: 631298-2069, dags. 2. desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs læknaþjónustu og tengda starfssemi við Smáratorg 1, Kópavogi. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 4 ára

2.1.17 Strandgata 11, Hafnarfirði - vatnsveita.

Lögð fram umsókn Dags Jónssonar f.h. Vatnsveitu Hafnarfjarðar kt: 590169 7579, dags. 8 desember 1999, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir vatnsveitu í Hafnarfirði.

Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

2.1.18 Strandgata 11, Hafnarfirði - tannlæknastofa.

Lögð fram umsókn Friðriks H. Ólafssonar f.h. Tannlæknastofu F.H.Ó. kt: 250946-4579, dags. 10. september 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Strandgötu 11, Hafnarfirði. Endurnýjun v/eigendaskipta.

Samþykkt að veita frest til 15. janúar 2000 til fullnaðarúttektar heilbrigðisfulltrúa.

2.1.19 Öldutún, Hafnarfirði - grunnskóli.

Lögð fram umsókn Viktors A. Guðlaugssonar f.h. Öldutúnsskóla, kt: 680987-2549, dags. 3. desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs grunnskóla m/móttökueldhúsi að Öldutúni, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

2.2 Umsagnir.

2.2.1 Hlíðasmári 8, Kópavogi - S.B.Veitingar ehf.

2.2.1.1 Sýslumaðurinn í Kópavogi.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Kópavogi dags. 18. nóvember 1999, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Arnars Þórs Ólafssonar kt: 180877-5769, sem sækir um veitingaleyfi fyrir S.B.Veitingar ehf. kt: 691099-2619, að Hlíðasmára 8, Kópavogi.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa með fyrirvara sbr. lið 2.1.7

2.2.1.2 Bæjarráð Kópavogsbæjar.

Lögð fram bókun bæjarráðs Kópavogs frá 26. nóvember s.l. þar sem erindi Sýslumannsins í Kópavogi dags. 18/11, þar sem óskað eftir umsögn um umsókn Arnars Þórs Ólafssonar, kt.180877-5769, f.h. S.B. Veitinga ehf., um leyfi til að reka veitingahús að Hlíðarsmára 8, er vísað til umsagnar heilbrigðisnefndar.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa með fyrirvara sbr. lið 2.1.7

2.2.2 Hamraborg 11, Kópavogi - Catalina.

Lagt fram bréf bæjarlögmanns Kópavogs dags. 8. desember 1999, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Sigríðar Samsonardóttur kt: 170553-4469, sem sækir um leyfi til áfengisveitinga fyrir Catalinu, Hamraborg 11 Kópavogi.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn með tilliti til svipmóts.

2.2.3 Lækjargata 30, Hafnarfirði- Lille Put.

Lagt fram bréf Stjórnsýslu- og fjármálasviðs Hafnarfjarðarbæjar dags. 2. desember 1999, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Friðriks Jónssonar kt:010144-2649, sem sækir um áfengisleyfi f.h. Lille Put að Lækjargötu 30, Hafnarfirði.

Samþykkt að veita jákvæð umsögn með tilliti til svipmóts.

2.3 Annað.

2.3.1 Staðarhvamur 1, Hafnarfirði – söluturn

Lagt fram bréf Stjórnsýslu- og fjármálasviðs Hafnarfjarðarbæjar dags. 29. nóvember 1999, þar sem tilkynnt er um bókun bæjarráðs Hafnarfjarðar 25. nóvember s.l., þess efnis að óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis um erindi íbúa að Staðarhvammi 1, þess efnis að rekstri söluturnsins verði hætt.

2.3.2 Starfsreglur / starfsleyfisráðgjafi

Lagt fram bréf Hollustuverndar ríkisins, dags. 30. nóvember s.l. þar sem óskað er eftir lista yfir gildandi starfsreglur eða starfsleyfisráðgjafi á eftirlitssvæðinu.

2.3.3 Niðurstöður eftirlitsverkefna.

Lagðar fram niðurstöður eftirlitsverkefna heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Hollustuverndar ríkisins árið 1999.

2.3.3.1 Könnun á þrifum í veitingahúsum og kjötvinnslum.

Beitt var sjónmati og örverutalningu af snertiskálum (Rodac) við mat á árangri þrifa. 62% allra sýna voru metin ófullnægjandi og 38% fullnægjandi. Kjötvinnslur komu skást út, 53% sýna þaðan voru metin fullnægjandi.

2.3.3.2 Könnun á hitastigi kælivara í matvöruverslunum

Kælivöru skal geyma við 0-4°C skv. ákvæðum matvælaeðlugerðar. Helmingur allra mælinga sýndi hita undir 4°C, en 74% mælinga var undir 6°C, skekkjumörk hitamæla er +/- 2°C.

3. Förgun úrgangs.

3.1 Framhald umræðu sbr. lið 5 í fundargerð nefndarinnar frá 29. nóvember 1999. Rædd var fyrirhuguð stefnumörkunar vinna sem er framundan í úrgangsförgunar málum.

3.2 Lagðar fram leiðbeiningar um vinnutilhögun og leyfisveitingar við bálkesti og brennur dags 9. desember 1999, sem gefnar eru út af Brunamálastofnun ríkisins, Hollustuvernd ríkisins og Ríkislögreglustjóra. Ennfremur lögð fram tillaga með kröfum til mengunarvarna vegna tímabundinna starfsleyfa fyrir brennur samkv. ákvæðum eðlugerða nr. 785/1999 og 805/1999.

Tillagan samþykkt og Heilbrigðiseftirlitinu falið að gefa út tímabundin starfsleyfi.

4. Campylobacter.

Lagt fram afrit af bréfi Umhverfisráðuneytisins frá 9. desember s. l. þar sem tilkynnt er um skipun Sigurborgar Daðadóttur í nefnd sem gera á tillögu um framkvæmd mála í framhaldi af tillögum í skýrslu Hollustuverndar ríkisins, Landlæknisembættisins og Embættis yfirdýralæknis til ráðherra í nóvember 1999 um könnun á útbreiðslu Campylobacter. Sigurborg Daðadóttir gerði jafnframt grein fyrir umræðum sem fram fóru á fundi í dag sem Umhverfisráðuneytið boðaði til með forsvarsmönnum heilbrigðiseftirlitsins um sama efni.

5. Nýjar mengunarvarnareðlugerðir.

Mengunarvarnareðlugerð nr. 48/1994 hefur verið endurskoðuð og skipt upp í 27 eðlugerðir og þar af hafa 26 tekið gildi. Stjórnartíðindum B 106, nr. 785 - 810 með ofangreindum eðlugerðum var dreift.

6. Önnur mál.

6.1 Verslunarhús við Engihjalla.

Rætt var um umgengni utan húss við Engihjalla 8 í Kópavogi í framhaldi af ábendingum um slæmt útlit þar við eina húshliðina.

6.2 Timburúrgangur í Kapelluhrauni

Rætt að nýju um timburúrgang í Kapelluhrauni sbr. lið 3.4 í fundargerð frá 29.11.1999.

Lagt fram bréf Landsbanka Íslands hf. frá 8.12.1999, þar sem upplýst er að staðið hafi yfir viðræður um sölu á lóðinni og niðurstöður munu liggja fyrir um miðjan þennan mánuð. Afgreiðslu frestað til fundar í janúar n. k.

6.3 Starfsmannahald

Framkvæmdastjóra veitt heimild til að framlengja ráðningu verkefnaráðsins starfsmanns um einn mánuð.

Fleira ekki gert og fundi slitið 20:30.

Sigrún Ingólfssdóttir

Guðrún Þóra Magnúsdóttir

Sigurlaug Sigurðardóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Sigurgeir Ólafsson

Sigfríður Ingvarsdóttir

Árni Sverrisson